
REGLUGERÐ FYRIR LANDSLIÐSNEFND KLÍ

1. grein

KLÍ skal skipa a.m.k. þriggja manna landsliðsnefnd. Formaður nefndarinnar skal skipaður sérstaklega. Starfandi þjálfarar félaganna skulu ekki sitja í landsliðsnefnd.

2. grein

KLÍ ræður landsliðsþjálfara. Sé/u landsliðsþjálfarinn/arnir erlendur/ir skal landsliðsnefnd skipuleggja dvöl hans/þeirra á landinu hverju sinni.

3. grein

Landsliðsþjálfararnir skulu velja landslið og skulu þeir skipuleggja og sjá um æfingar landsliða. Ef ekki er starfandi landsliðsþjálfari sér landsliðsnefnd um val landsliðs og skipulag og umsjón æfinga landsliða. Landsliðsbúningar skulu vera í umsjá landsliðsnefndarinnar og engum er heimilt að keppa í slíkum búningi án heimildar nefndarinnar. Skulu keppendur skila landsliðsbúningunum innan viku frá móti til þjálfara eða nefndar.

4. grein

Landsliðsnefnd skal leggja fram tillögur um utanferðir landsliðanna, sem skulu leggjast fyrir stjórn KLÍ til samþykktar. Landsliðsnefnd skal skipuleggja ferðir landsliðanna og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir hverja ferð. Skal fjárhagsáætlunin hljóta samþykki stjórnar KLÍ. Gera skal skilagrein með uppgjöri eftir hverja ferð.

5. grein

Landsliðsnefnd skal vinna að fjáröflun til fjármögnunar starfsemi landsliðanna. Skulu kraftar leikmannanna í landsliðunum nýttir eftir fremsta megni í því sambandi. Skal slík fjáröflun unnin undir yfirstjórn gjaldkera KLÍ, þannig að ekki komi til árekstra.

6. grein

Landsliðsnefnd skal fara með málefni unglingslandsliða en í samráði við unglingsnefnd.

7. grein

Leikmenn í störfum á vegum KLÍ skulu segja af sér tímabundið, þegar þeir taka sæti í landsliði, ef landsliðsnefnd óskar þess.

8. grein

Landsliðsnefnd skal halda fundargerðir og skrá þar ákvarðanir sínar.

Breytt á þingi KLÍ 18. maí 2010